

Kirkjuþing 2022-2023

2. mál - þskj. 2

### **Skýrsla framkvæmdanefndar kirkjuþings.**

**1. janúar – 22. október 2022.**

(Lagt fyrir 64. kirkjuþing 2022-2023).

Flutt af Önnu Guðrúnu Sigurvinsdóttur, Einari Már Sigurðarsyni og Skúla Sigurði Ólafssyni.

Frsm. Anna Guðrún Sigurvinsdóttir.

Á 7. fundi kirkjuþings 2021-2022 þann 23. nóvember 2021 kusu kirkjuþingsfulltrúar úr sínum hópi fyrstu framkvæmdanefnd kirkjuþings, sbr. þingsályktun kirkjuþings um stjórnskipan kirkjustjórnarinnar í 7. máli aukakirkjuþings 2021 og 4. gr. starfsreglna um kirkjuþing nr. 10/2021-2022. Aðalmenn eru Anna Guðrún Sigurvinsdóttir, formaður, Einar Már Sigurðarson og sr. Skúli S. Ólafsson. Varamenn eru Árný Herbertsdóttir, Hermann Ragnar Jónsson og sr. Hildur Inga Rúnarsdóttir.

Framkvæmdanefnd hóf þegar að kynna sér rekstur og eignasafn Þjóðkirkjunnar og átti fundi með starfsfólki rekstrastofu og biskupsstofu. Nefndin tók formlega til starfa 1. janúar 2022 en umboð nefndarinnar rennur út á kirkjuþingi í október 2022-2023.

Kirkjuþing setur framkvæmdanefnd kirkjuþings erindisbréf og var það samþykkt í máli nr. 36/2021-2022. Aðalhlutverk nefndarinnar er tilgreint í fyrstu grein erindisbréfsins, sem er svo hljóðandi:

*Framkvæmdanefnd annast, fyrir hönd kirkjuþings, eftirlit með fjárhag og rekstri Þjóðkirkjunnar og að ákvörðunum og áætlunum samþykktum af kirkjuþingi sé fylgt eftir. Framkvæmdanefnd starfar að því markmiði að tryggja styrk og velgengni Þjóðkirkjunnar. Nefndin er ábyrg gagnvart kirkjuþingi og starfar í umboði þess.*

Þar fyrir utan getur kirkjuþing falið nefndinni að sinna öðrum málum, samþykktum af kirkjuþingi.

Framkvæmdanefnd kirkjuþings fundaði að jafnaði vikulega á árinu og er fundargerðir hennar að finna á vef Þjóðkirkjunnar hér: [Framkvæmdanefnd \(kirkjan.is\)](http://framkvæmdanefnd(kirkjan.is)).

Eitt af fyrstu verkum framkvæmdanefndar kirkjuþings var að ráða framkvæmdastjóra rekstrarstofu. Var ákveðið að leita liðsinnis ráðningarskrifstofunnar Intellecta við ráðninguna. Staðan var auglýst í byrjun janúar og sóttu 44 um stöðuna. Eftir að hafa farið yfir umsóknir og viðtöl, var ákveðið að ráða Birgi Gunnarsson, bæjarstjóra á Ísafirði, í stöðuna. Birgir kom til starfa um miðjan maí en sat alla framkvæmdanefndarfundi frá því að gengið var frá ráðningu í febrúar. Eftir samráð við forsætisnefnd kirkjuþings var ákveðið að framkvæmdanefndin sinnti störfum framkvæmdastjóra fyrstu mánuði ársins, eða þar til að Birgir kæmi til starfa að fullu.

#### **Fjármál**

Ársfjórðungslega er farið yfir uppgjör Þjóðkirkjunnar og er raunstaða borin saman við áætlun ársins. Staðan eins og hún var á öðrum ársfjórðungi er í samræmi við áætlun ársins

2022. Reynsla síðustu ára hefur þó sýnt fram á að reksturinn er oft þyngri seinni hluta árs og því mikilvægt að haldið verði vel á málum út árið. Vonir voru um að hægt væri að fylgjast með stöðu fjármála frá mánuði til mánaðar en því miður virðist ný uppsetning bókhaldskerfisins í Navision ekki styðja þá nálgun enn sem komið er. Bót verður á því vonandi á næstu mánuðum. Launakostnaður Þjóðkirkjunnar er um 75% af árlegum útgjöldum og því er mikilvægt að hægt sé að fylgjast með launapróun mánaðarlega auk annars kostnaðar.

Áætlanagerð fyrir árið 2023 hófst í byrjun september. Fjármálastjóri Þjóðkirkjunnar sagði upp frá og með 1. september 2022 og lét strax af störfum. Leitað var til fyrirtækisins Sessor til að aðstoða við gerð fjárhagsáætlunar sem lögð verður fyrir kirkjuþing í október. Gert er ráð fyrir því að á árinu 2023 verði 16,3 milljóna halli á rekstrinum. Markmiðið var að leggja fram áætlun með niðurstöðu sem sýnir jafnvægi í rekstri þ.e. að tekjur og gjöld haldist í hendur. Rekstur Þjóðkirkjunnar hefur verið þungur undanfarin ár og miklir fjármunir tapast, afar mikilvægt er að snúa þeirri þróun við og stöðva hallarekstur.

Heildartekjur næsta árs eru áætlaðar tæplega 4,2 milljarðar þ.a. er framlag ríkisins tæplega 4,1 milljarður. Framlag ríkisins hækkar um 2% frá yfirstandandi ári og hefur verið tekið tillit til þess í launahluta rekstraráætlunar. Kjarasamningar presta eru lausir á næsta ári og ganga þessi 2% upp í væntanlegar launahækkningar, en samningur Þjóðkirkjunnar við ríkið tryggir að launahluti framlags ríkisins hækkar í samræmi við hækkun samhliða kjarasamningum sem ríkið gerir við sína viðsemjendur. Kjarasamningar Þjóðkirkjunnar verða því að taka mið af þeim samningum sem ríkið gerir, launahækkningar umfram það verða ekki bættar að hálfu ríkisins.

### **Fasteignir**

Meðal verkefna framkvæmdanefndar er að hafa umsjón með rekstri og sölu fasteigna í samráði við fasteignasvið rekstrarstofu.

Framkvæmdanefndi og framkvæmdastjóri hafa á árinu rætt við sóknarnefnd Skeggjastaðasóknar og sveitastjórn Langanesbyggðar um jörðina Skeggjastaði. Kirkjuþing hefur heimilað sölu jarðarinnar. Sóknin hefur nýtt neðri hæð fyrrum prestsbústaðar á jörðinni sem safnaðarheimili. Sameiginlegt bílastæði er fyrir framan íbúðarhúsið og kirkjuna. Sala á jörðinni getur því reynst flókið ferli en reynt hefur verið að finna lausn sem tekur mið af hagsmunum jarðareiganda, sóknar og kirkjugarðs. Skeggjastaðir eru ekki enn komnir í söluferli þar sem húsið er í leigu fyrrum sóknarprests eins og stendur.

Framkvæmdanefnd og framkvæmdastjóri heimsóttu Skálholt í júní og kynntu sér staðhætti, starfsemi í Skálholti og húsakost. Síðustu ár hafa farið fram viðgerðir á Skálholtskirkju og gestahúsi og stefnt er að því að ljúka þeim fyrir sumarið 2023. Í ljós kom að prestbústaðurinn þarfnast meira viðhalds en gert var ráð fyrir og var ákveðið að fresta viðgerðum á honum. Framkvæmdastjóri rekstrarstofu og sóknarprestur hafa unnið saman að því að finna viðeigandi lausn á húsnæðismálum sóknarprests. Sá gleðilegi atburður gerðist á meðan á heimsókn framkvæmdanefndar og framkvæmdastjóra stóð að ný kirkjuklukka hljómaði í fyrsta sinn.

Þess var gætt að jörðum sem losnuðu á árinu yrði sinnt áfram sem og hlunnindum sem ábúendur hafa sinnt. Í einhverjum tilfellum tóku nágrannaprestar að sér gæsluna en í öðrum tilvikum var samið við einkaaðila og renna þær tekjur, að frátalinni þóknun, beint til Þjóðkirkjunnar. Hvorki er um margar jarðir um að ræða né háar upphæðir.

Það er mat framkvæmdanefndarinnar að fasteignir séu helsti möguleiki Þjóðkirkjunnar til tekjuöflunar til viðbótar þeim tekjum sem fást af kirkjujarðasamkomulagi kirkju og ríkis frá 1997, með síðari viðaukum. Nefndin telur rétt að leiguverð prestssetra færist nær markaðsverði en nú er og er tillaga þess efnis lögð fyrir kirkjuþing 2022-2023 í 8. máli. Jarðir Þjóðkirkjunnar eru margar verðmætar enda fylgja oft ýmis hlunnindi þeim, s.s. vatns- og jarðhitaréttindi, námur, veiðiréttindi, dúntekja og á mörgum þeirra eru möguleikar á kolefnisbindingu. Nú þegar er Þjóðkirkjan í samstarfi við Skógræktina varðandi skógrækt. Áætlun hefur verið gerð um skógrækt og endurheimt votlendis.

Gengið var frá sölu á eftirfarandi eignum:

- Árnes 1, Árneshreppi, íbúðarhús og lóð
- Hamrahlíð 12, Vopnafirði
- Ránarbraut 7, Vík í Mýrdal
- Hólagötu 42, Vestmannaeyjum
- Hvammstangabraut 21, Hvammstanga

Búið er að samþykkja kauptilboð í eftirfarandi eignir:

- Hlíðarveg 42, Ólafsfirði
- Brúnir, nýbýli, (land) um 230 ha. byggt út úr prestssetursjörðinni Syðra-Laugalandi 1986.
- Vola, landspíla, tæpir 72 ha. Flóahreppi.

### **Húsnæðismál þjónustumiðstöðvar Þjóðkirkjunnar**

Í greinagerð með máli 49/2021-2022 var framkvæmdanefnd Þjóðkirkjunnar falið að leita leiða til að lækka húsnæðiskostnað Þjóðkirkjunnar. Núverandi húsnæði er bæði dýrt og of stórt fyrir þá starfsemi sem þar fer fram. Samningur við núverandi leigusala var gerður árið 2019 og gildir í sjö ár. Samningurinn er aðeins uppsegjanlegur með árs fyrirvara við lok samningstímans en í honum er ákvæði sem heimilar framleigu. Á haustmánuðum tókust samningar við Framkvæmdasýslu Ríkisins um framleigu á 3. hæð Katrínartúns 4, frá og með 15. nóvember nk. Ýmsir möguleikar um nýtt skrifstofuhúsnæði sem rúmar alla starfsemina voru skoðaðir. Framkvæmdanefnd og framkvæmdastjóri lögðu fram tillögu að leigu húsnæðis í Borgartúni 29, Reykjavík, sem myndi rúma alla starfsemi rekstrar- og biskupsstofu, auk kirkjuþings. Fulltrúar biskupsstofu lýstu hins vegar eindregnum vilja til að flytja starfsemina í safnaðarheimili Grensáskirkju. Til að það húsnæði henti allri starfsemi Þjónustumiðstöðvar þarf að ráðast í dýrar framkvæmdir og kaup á húsnæðinu. Framkvæmdanefnd kirkjuþings telur slíkt ekki tímabært, m.a. í ljósi fjárhagsstöðu Þjóðkirkjunnar og telur eðlilegra, meðan jafnvægi er náð í rekstri, að leigja skrifstofuhúsnæði. Til að koma til móts við óskir fulltrúa biskupsstofu á framkvæmdanefndin ekki annan kost en að skipta rekstrinum tímabundið í tvennt. Í byrjun nóvember mun því rekstrarstofa flytja í skrifstofuhúsnæði við Suðurlandsbraut 32 og biskupsstofa í safnaðarheimili Grensáskirkju.

## **Önnur mál**

Á fundi með biskupi Íslands, Agnesi M. Sigurðardóttur í janúar var m.a. rætt um mál fyrrum starfsfólks Þjóðkirkjunnar sem telur sig eiga inni launagreiðslur eða önnur starfstengd uppgjör á fjármunum. Tekin var ákvörðum um að það væri í samræmi við nýtt skipulag Þjóðkirkjunnar að framkvæmdanefnd fjalli um slík tilvik. Þar sem þessi mál eru persónugreinanleg verður ekki farið frekar út í einstök mál í þessari greinargerð.

### **Að lokum**

Framkvæmdanefnd kirkjuþings hefur starfað í níu og hálfan mánuð. Þessi tími hafa verið lærdómsríkur. Mikill tími hefur farið í að kynna sér forsögu ýmsa mála enda geta bæði fjármál og fasteignamál verið flókin.

Nefndin telur að víða megi bæta verklag, samræma ferla og auka gagnsæi og skilvirkni þegar kemur að fjármálum og rekstri. Skriflegir samningar varðandi fasteignir eru ekki alltaf til staðar, í gegnum áratugi hefur verið treyst á drengskap og munnlega samninga. Þótt margt hafi færst til betri vegar hvað varðar fjárhagslegar upplýsingar, skil á ársreikningum o.þ.h. má gera enn betur. Nefndin hefur ásamt framkvæmdastjóra einsett sér að kirkjuþingfulltrúar og starfsfólk Þjóðkirkju geti haft sem besta yfirsýn um fjármál Þjóðkirkjunnar, sem næst rauntíma. Slíkar upplýsingar eru forsenda þess að viðunandi árangur náist svo Þjóðkirkjan geti með sem bestum hætti sinnt hlutverki sínu og köllun.